



## 25. FUNDUR Í BÆJARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

**Dagsetning:** 11. september 2012, kl. 17:00

---

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 25. fundar þriðjudaginn 11. september 2012 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

### Dagskrá:

1. Fundargerðir:
  - a. Bæjarráðs frá 30. ágúst 2012
  - b. Landbúnaðarnefndar frá 23. ágúst 2012
  - c. Fræðslunefndar frá 23. ágúst 2012 – Leikskóli
  - d. Fræðslunefndar frá 23. ágúst 2012 - Grunnskóli
2. Skýrsla bæjarstjóra

### Afgreiðslur:

#### 1. Fundargerðir:

- a. **Bæjarráð frá 30. ágúst 2012**  
Fundargerðin er í 11 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að loknum nokkrum umræðum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
- b. **Landbúnaðarnefnd frá 23. ágúst 2012**  
Fundargerðin er í tveimur liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að loknum umræðum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- c. **Fræðslunefnd frá 23. ágúst 2012 – Leikskóli**  
Fundargerðin er í þremur liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að loknum umræðum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
- d. **Fræðslunefnd frá 23. ágúst 2012 – Grunnskóli**  
Fundargerðin er í þremur liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að loknum umræðum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

#### 2. Skýrsla bæjarstjóra

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri hóf mál sitt á byggðakvótanum sem ráðuneytið úthlutaði til Blönduósbæjar kvótaárið 2011-2012. Þar kom fram að náist ekki að afhenda eignum



Þeirra fiskiskipa sem hafa fengið loforð frá Fiskistofu byggðakvóta þessa fiskveiðiárs flyst hann yfir á næsta fiskveiðiár og verður úthlutað að nýju á næsta fiskveiðiári.

Í sumar hafa Vegagerðin og Rarik verið í viðræðum um að sameinast um byggingu göngubrúar, með aðkomu Blönduósbæjar, yfir Blöndu til að koma heitavatnslögninni yfir ána. Fulltrúar Blönduósbæjar áttu fund með verkfræðingum Vegagerðarinnar þar sem farið var nánar yfir staðsetningu göngubrúarinnar.

Framvegis fá starfsmenn og bæjarfulltrúar Blönduósbæjar afnot af bílaleigubílum vegna ferða fyrir Blönduósbæ. Þetta fyrirkomulag ætti að lækka verulega bifreiðakostnað sveitarfélagsins.

Vinna er hafin við undirbúning við útboð trygginga í samvinnu við Ríkiskaup. Ríkiskaup mun annað útboðið. Stefnt er að útboði um næstu mánaðarmót.

Samið hefur verið við Blöndubýggð ehf. um umsjón með skólamáltíðum við Blönduskóla. Samningurinn er til 3ja ára.

Keypt var ný ljósritunarvél fyrir Blönduskóla þar sem eldri vél skólans hrundi.

Þekkingarsetrið á Blönduósi hefur ráðið Katharinu Schneider í 50% starf sem framkvæmdastjóri setursins. Jafnframt hefur Gunnar Tryggvi Halldórsson verið ráðinn í 20% starf sem verkefnastjóri við setrið. Þann 24. september verður stefnumótunarfundur haldinn í Blönduvirkjun þar sem hagsmunaaðilar mæta og marka stefnuna. Menntamálaráðuneytið verður með fulltrúa á fundinum.

Óbyggðanefnd hefur lýst kröfum sínum í land í eigu Blönduósbæjar. Um er að ræða hluta af Skrapatunguafrétt. Lögræðistofan Pacta mun gæta hagsmuna Blönduósbæjar.

Bæjarstjóri fór yfir framkvæmdir sumarsins. Endurnýjaðar og lagfærðar voru 10 heimtaugar í Vatnsveitunni. Ljósastaurar og fylling í götu við Smárabraut. Lóð Kvennaskólans var jarðvegsskipt og malbikuð. Þá endurnýjaði Blönduósbær vatnslagnir þar, Síminn endurnýjaði sínar lagnir og Rarik skipti um hitaveitulagnir á svæðinu. Verkið er á vegum Byggðasamlags um atvinnu- og menningarmál. Rarik er að ljúka við framkvæmdir við dæluhús og Rarik stefnir að því að ljúka lagningu hitaveitu til Blönduós í haust. Framkvæmdum í Stekkjavík til að taka við sláturúrgangi stóðu yfir í sumar og er lokið.

Bæjarstjóri fór stuttlega yfir verkefni haustsins. Fyrir liggur að gera þurfi breytingar á samþykktum Blönduósbæjar, uppfæra þarf jafnréttisáætlun Blönduósbæjar, setja reglur um innkaup og samkvæmt 29.gr. sveitarstjórnarlaga þurfa sveitarfélög að setja sér siðareglur.

Nokkrar umræður urðu um skýrslu bæjarstjóra.



## Bæjarstjórn Blönduós

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:15.

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Heiðrún Edda Bjarkadóttir (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Ingunn Ásgeirsdóttir (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)